Voðalegur flutningur!
Þegar strandferðaskipið "Esja"
flutti 360 farþega og yfir 250 smá-
lestir af bensíni og öðrum eldfimum
efnum.

2 blöð qto. Reykjavík, 9.mai 1941 .

39.

Vodalegur flutningur

Þegar Esja fór sídustu strandferd sína um sídustu mánadamót er sagt, ad hún hafi haft um 300 – þrjú hundrud – farþega innanbords.

Hvada tryggingu hafa umrádamenn skipsins, þeir, sem í landi eru, sett fyrir því þá og framvegis, ad öllum þessum sæg manna, þ. á m. kvenna og barna hafi verid og sé enn áhættulaust ad ferdast med skipinu, hafi þad haft med sér eldfimi þad og tundurefni sem hér segir:

108 tunnur benzín á þilfari,
um 400 tunnur af olíu í lest eda um 80 smálestir og
160–170 smálestir í olíugeymum skipsins, eda m. ö. o. auk benzínsins (108 tunnur) nærri 250 smálestir af olíu?

Verdi nú þannig í skipad med álíka farþegatölu og tundurefnaflutning framvegis, sem sagt er ad verid hafi í áminnstri ferd skips þessa, hvada trygging er farþegum og áhöfn skipsins sett fyrir því, ad nægilegt öryggi þeim
HOl til handa sé ~~sett~~ fyrir hendi, ef eitthvad óvænt skyldi koma fyrir, svo sem þad, ad eldneisti falli nidur í lekapoll frá benzín- eda olíutunnunum?

Þad mun vera bannad ad reykja í skipinu. Því mun vera lítid skeytt og af ýmsum ad engu haft, bannid þad, því enn hafa Íslendingar ad litlu haft hlýdnisskyldu sína vid lagabönn og reglur, sem sett hafa verid þeim og ödrum til öryggis: þeim hefir enn eigi lærst ad hlýda.

En skyldi þad nú verda, sem mjög er hætt vid, ad eldneisti komist ad tundurefnunum þeim, sem skipid flytur, benzín og olíu í svo ríkum mæli, sem hér var um ad ræda og gjöra má rád fyrir ad verdi, þar sem þvílíkum fjölda fólks er svo nálægt og getur ekki þverfótad fyrir þrengslum – hvad mundi þá ske? Olían og benzínid hlypi þá ad valda ógurlegri sprengingu; þad mundi fljóta sem stórfeld brák um skipid allt og utan med því, sjórinn yrdi þá eldhaf eitt og engu hægt ad bjarga.

Að vísu munu 3 smá-björgunarflekar fylgja skipinu, svo um 360 björgunarbelti o. fl. til öryggis lífi farþega og áhafnar skipsins, en hvað stoðar það? Björgunarbelti þessi eru vitanlega ekki ætluð til þess ætlað að verja menn fyrir tjóni af sprengingunni og eldsvoða, er verða kann í skipinu, heldur þeim til björgunar, ef bilun kemur að því eða ef um strand væri að ræða o. þvíuml.

Hér er því naumast svo vel um búið, að teljast megi viðunanlegt.

Hvað á því að gera? Það eitt, að <u>banna allan benzínflutning og tundurefna með öllum þeim skipum</u>, sem <u>flytja eiga menn og fénað með ströndum fram og fjarða á milli!</u>

Með hverju á þá að flytja benzínið, olíurnar og önnur tundurefni? Eru nokkur önnur skip fyrir hendi til þess að annast flutninga þessa?

Benda mætti á Ægi, Þormóð og Þór og s. f. v. fleiri skip, en aðalatriðið er að þvílíkar vörur sem benzín og önnur eldfim efni séu ekki flutt með neinu skipi sem flytur fólk eða fénað og því er á þetta bent, að hættan getur orðið svo mikil, m. a. af ofsahræðslu, er grípa hlýtur alla viðstadda, og björgunarbelti þau er fyrir hendi kunna að verða, verða eigi að þeim notum, sem ella mundi, ef um árekstur væri að ræða en íkveikju eða sprengingu.

Athugasemd þessari er beint til þeirra, „er það varðar og hlut eiga að máli," annars en skipstjórnarmanna og skipshafna, því þeir munu litlu eða engu fá um þetta ráðið, þótt eflaust vildi þeir það og sjái hversu mikið er hér í húfi: mörg hundruð manns-líf, sem heimtingu eiga á því að örugglega sé að þeim búið frá hendi þeirra manna, er yfir eiga að ráða.

Reykjavík, 9. maí 1941

[signature]